

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1067

Dagsetning: 28. apríl 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 22. apríl var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Upplýsingamiðstöð HH

Rætt var um alvarlega stöðu hjá Upplýsingamiðstöð HH. Samningaviðræður við SÍ eru strand og ekki hefur heyrst frá heilbrigðisráðuneytinu eftir fund þann 11. apríl. Mikil óvissa um fjármögnun hefur haft alvarleg áhrif á starfsemi og starfsfólk miðstöðvarinnar. Talsverður fjöldi tímabundinna samninga við starfsfólk rennur út um næstu og þarnaestu mánaðarmót og nauðsynlegt að eyða óvissu fyrir lok apríl. Einnig var rætt um að Upplýsingamiðstöð sé hætt að gera bólusetningaráætlanir vegna ferðalaga fyrir aðra en stöðvar HH vegna kostnaðar. Þorist hefur ósk frá rekstraraðila heilsugæslustöðva á landsbyggðinni um að haldið verði áfram að gera áætlanir en rekstraraðilinn greiði fyrir þær. Framkvæmdastjórn tók vel í erindið og ákvað að undirbúa gerð samnings um áætlanirnar.

3. Farsæld barna

Umræður um stöðu verkefnis tengt farsældar barna, en ráðning starfsmanns sem sinnt hefur verkefninu hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu rennur út í maí.

4. Staða heilsugæslustöðva í Breiðholti

Fjallað var um erfiða stöðu heilsugæslustöðva HH í Breiðholti vegna skorts á læknum, sér í lagi Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti. Ákveðið var að bjóða öllum læknum HH að koma til vinnu á stöðinni í aukavinnu. NSK upplýsti að hún þurfi að sinna sínu gamla starfi sem framkvæmdastjóri lækninga á stöðinni í sumar vegna manneklu.

5. Sérnámslæknar

Umræður um erindi sérnámslækna hjá HH vegna kjarasamnings lækna sem fjallað var um á síðasta fundi. Fundað verður með samráðshópi vegna kjarasamninga lækna um málið og í kjölfar þess fundað með sérnámslæknunum til að leita lausna.

6. Nefnd um bætt aðgengi að heilsugæslu

Rætt var um hverja HH muni tilnefna í nefnd heilbrigðisráðuneytisins. Tilnefna þarf alls tíu starfsmenn úr ólíkum heilbrigðisstéttum.

7. Vinnutímabanki

Fjallað var um breytingar á vinnutímabanka og hvernig þær voru kynntar. Ákveðið var að kynna breytingarnar betur með pósti til stjórnenda starfsstöðva.

8. Fjármögnun geðheilbrigðisþjónustu

Rætt var um fjárhagsstöðu geðheilsuteyma í kjölfar úttektar á fjárframlögum til teymanna samkvæmt fjárlögum.

Aðgerðir og verkefni

- Ræða þarf við ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytisins um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH og upplýsa stjórnendur miðstöðvarinnar, sjá lið 2.
Ábyrgð: SDM
- Gera þarf samning um gerð bólusetningaráætlana við áhugasama rekstraraðila heilsugæslustöðva, sjá lið 2
Ábyrgð: RÓE
- Bjóða þarf öllum læknum HH að taka að sér aukavinnu á Heilsugæslunni Efra-Breiðholti, sjá lið 4.
Ábyrgð: NSK
- Funda þarf vegna erindis frá sérnámslæknum, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Tilnefna þarf tíu fulltrúa frá HH í nefnd um bætt aðgengi að heilsugæslu, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM
- Senda þarf upplýsingar um vinnutímabanka á stjórnendur, sjá lið 7.
Ábyrgð: SKÞ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:10.